

## Fundur skólaráðs 22.maí 2019

Mætt: Sigríður Ingólfssdóttir (fulltrúi foreldra), Jón Ragnars (fulltrúi foreldra), Alexander Kárason (fulltrúi grenndarsamfélags), Ágústa Ragnarsdóttir (fulltrúi almennra starfsmanna), Erla Jóna Steingrímsdóttir (fulltrúi kennara), Ásta Benediktsdóttir (fulltrúi kennara), Margrét María Marteinsdóttir (fulltrúi nemenda), Þórhildur Elfarsdóttir skólastjóri.

Forföll boðuðu Þórunna Rósa Ólafsdóttir skólastjóri og Ingrid Lín Chan Óskarsdóttir (fulltrúi nemenda).

Dagný Kristinsdóttir sat fundinn og ritaði fundargerð í fjarveru Þórönnu.

Þórhildur setur fund og býður fundarmenn velkomna.

S.I. ítrekar beiðni sína um að fundargerð skólaráðs frá 7.mars verði birt á heimasíðu skólans. Þ.E. tekur að sér að ganga í það verk.

### 1. Niðurstöður samræmdra prófa 9.árgangs.

Árgangurinn kom út undir landsmeðaltali. S.I. spurði um niðurstöður Lágafellsskóla Þ.E. vísaði á að niðurstöður eru aðgengilegar á heimasíðu mms.is.

#### • Farið yfir helstu verkefni.

- Skólinn stóðst Grænfána skoðun í síðustu viku og verður fáninn afhentur 5.júní.
- Símbannið hefur gengið vel og hafa aðrir skólar haft samband og spurst fyrir um framkvæmdina.
- Nemendur hafa verið duglegir að plokka rusl á skólalóðinni.
- Útielhdúsið verður hreinsað burt.
- Skólakórinn er fjörutíu ára á árinu. Tónleikar kórsins voru haldnir í byrjun mánaðarins. Ómar kórstjóri er að hætta en ætlar að vera viðloðandi.
- Nemendur í Skólahreysti stóðu sig vel, voru í 2. sæti í sínum riðli.
- Rímnaflæði, nemendur úr 9.bekk unnu þá keppni.
- Foreldrafélagið afhenti Sphero nú á vordögum. Verið að undirbúa notkun þeirra og byrjað með kennslu í haust, þar sem boðið verður upp á Sphero sem valáfanga. Á.B. sagði frá því að stærðfræðikennarar hefðu farið og lært á Spíríóð í Kópavogsskóla.
- Verið að undirbúa forritunarkennslu, samstarf Varmárskóla og Varmás þar sem skólinn kaupir SMART Coding Kits frá SAM labs.
- Ipadar í námsver.
- Nýbúadeild verður áfram. Frá hausti hafa komið 60 nýbúar í skólann. Starfið hefur verið unnið á einstaklingsgrunni.
- Námsverin fyrir 5.-10.bekk hafa gengið vel. Hugsun að tengja saman yngri og eldri deild, sami stjórnandi stýri þessu.
- Ætlunin er að ráða kerfisstjóra fyrir næsta skólaár.
- Verið að ráða starfsfólk, liggur fyrir að leiðbeinendum fjölgi. Nemendum fjölgar og því þarf fleiri kennara. Stefnt er að því að 4. árgangur verði í Brúarlandi.
- Neikvæða umræðan sem hefur verið í gangi hefur áhrif á ráðningar.
- Breytingar í skólastjórnendahópnum. Þórunna hefur sagt upp störfum. Ekki er búið að taka ákvörðun um stjórnendahóp skólans.

- Efla hefur tekið sýni í skólanum og stýrir verkefninu. Niðurstöður liggja fyrir upp úr mánaðamótum.  
SI leggur þunga áherslu á að þetta verkefni sé unnið hratt og skorar á stjórnendur að ýta á eftir verkefninu við eignasvið að skýrslan verði kynnt fyrir en síðar. Þ.E. sagðist gera það. Lexi leggur til að aukafundur verði boðaður í skólaráði þegar skýrslan liggur fyrir, þar sem rætt verði hvernig eigi að vinna með skýrsluna og kynningu á verkefninu. J.R. og S.I. lögðu áherslu á að sjálf skýrslan eins og hún kemur frá Eflu verði kynnt skólasamfélaginu og sett á heimasíðu skólans
- Húsnæðismál. Farið verður í viðgerðir í yngri deildinni um leið og skóla lýkur. Gert verður við þakkant og þak. Bílaplan við eldri deild verður lagað.

### **Umræður um þessi atriði.**

SI spyr um mælingar á gæðum verkefna, t.d. Vöndu Sig, agakerfi, hvort þau hafi skilað árangri. ÞE – segir líðankannanir hafa verið lagðar fyrir, líðan nemenda og upplifun kennara séu líka mælitæki. ÁB nefnir að hún hafi farið á námskeið með öðrum kennurum til Kvan í vetur, það sem verið er að vinna með tekur langan tíma að fara út í skólastarfið og að sjá beinan árangur. ÞE bendir á að nýir nemendur komi inn nánast í hverri viku. Þá þarf að aðlaga inn, þeir þurfa að finna sig. SI – spyr um verkefni fyrir bráðger börn í íslensku og stærðfræði. ÁB – nefnir að afburðaverkefni hafi fengið styrk árið 2013. Því hefur verið haldið á lofti af áhugamennsku.

SI – spyr um Unicef verkefni sem er að fara af stað, það verkefni byggir á verkefni frá Rannsóknunum og greiningu. Segir ótækt að skólaskrifstofan kynni ekki niðurstöður fyrir en í haust. ÞE tekur að sér að koma þessu áleiðis og sendir fyrirspurn á skólaskrifstofuna. Lexa langar að búa til verkefni um áhugasviðsgreiningu á 8.-10.bekk. Þar yrði skoðað hvar áhugi nemenda liggur. ÞE nefnir að námsráðgjafar geri þetta með 10. bekkum. Rætt að gera þetta fyrir þar sem þeir nemendur á þeim aldri eru oft svolítið týnd. Allir fulltrúar tóku undir og voru þessu sammála. ÁB leggur til að þessu verði komið áleiðis til námsráðgjafa. Rætt um hvort þetta sé til þess fallið að fara á Skólaskrifstofu.

## **2. Sjálfsmatsskýrsla**

ÞE kynnir sjálfsmatsáætlun.

- Hækkandi hlutfall nemenda sem þarf lestraraðstoð helgast oftast vegna þess að nemendur lesa ekki heima.
- 86.9% nemenda skráðir í mat. Hlutfallið minnkar með hærri aldri.
- Trú nemenda á sjálfum sér hefur dalað en er að aukast aftur hægt og bítandi.

### **SI óskar eftir bókun:**

Óskað eftir að niðurstöður lesfimiþrófa verði sendar til skólaráðsfulltrúa þegar þær liggja fyrir.

Sigríður Ingólfssdóttir.

SI – spyr hverjir voru í matsteymi skýrslunnar. ÞE segir að Þóranna, deildarstjórar og valdir starfsmenn á ýmsum sviðum hafi verið í matsteyminu.

SI- bendir á að misræmi sé á milli þeirra gagna um einelti sem skólinn kynnir og hún hefur undir höndum. Þ.E. athugar málið. (innskot fundarritara eftir athugun: Í ljós kom að foreldrafélagið er með hlutaskýrslu meðan umbótaáætlunin byggir á ársskýrslu). SI gerir einnig athugasemd við að skýrslan sé kynnt í fræðslunefnd áður en hún er kynnt fyrir skólaráði.

#### **SI- spyr um umbætur og þróun.**

- 5.1. endurskoðun skólanámskrár. Stjórnendur haldi utan um ritstýringu og á að vera lokið í maí 2019. ÞE – það stendur.
- 5.2. Einnig er spurt um innleiðingu tölvutækni í skólastarfi. Er því lokið? ÞE – segir að það sem skipulagt var sé lokið.
- 5.3. líðan nemenda. Koma Vöndu Sig verkefninu inn í skólastarfið, fá íþróttahúsið í samstarf. Lokið í október 2018. ÞE – því er lokið, starfsfólk íþróttahúss kom sjálfst að máli við skólann og óskaði eftir samstarfi.

#### **Önnur mál.**

Þ.E. spyr fulltrúa nemenda um upplifun sína af skólanum nú þegar skólagöngu hennar er að ljúka. M.M. er ánægð en segir núverandi 9. bekk verða erfiðari á næsta ári og að hljóðkerfið á sal sé ekki gott.

- Rætt um hljóðnema og hljóð í söllum. Lexi leggur til að hljóðmaður komi og taki út hljóðið.
- Rætt um að flagga málstað skólans og öllu því jákvæða sem verið er að gera. Nefnt að skortur sé á upplýsingum frá skólanum. Skólastýrur senda fréttabréf á föstudögum með hnitmiðuðum upplýsingum fyrir foreldra. Rætt um ritstjórn á heimasíðu skólans.

Fundi slitið kl 10.00.

Dagný Kristinsdóttir ritaði fundargerð.